

Fundur: Ungmennaráðsfundur

Dagsetning : 3. Apríl 2017

Fundur settur: 18:40

Fundarstaður: Te og Kaffi, Austurstræti

Mættir: Berglind, Salka, Andrea og Sunna

Vantar: Hafdís og Daði

Dagskrá:

1. Kynning ráðs
 - a. Berglind býður nýja ráðs meðlimi velkomna
2. Morgunverðar fundur - Rödd Unga Fólksins
 - a. 5. apríl er morgunverðarfundur á Grand hotel - Rödd Unga Fólksins
 - b. Ungmennaráð sendir Sunnu sem fulltrúa ráðsins
 - c. Salka skoðar greiðslu
 - d. Naumattum.is
3. Styrk veitingar til Ungmennaráða
 - a. Fresturinn til að sækja um er liðinn.
4. Niðurstaða RUS og endurmat
 - a. Við þurfum að tala við hópana sem komu með hugmyndirnar að opnu fundunum og útilegunni
 - i. Einhver í ráðinu gæti verið tengiliður aðili við hópana til að styðja við þá
 - ii. Daði verður tengiliður við útilegu hópinn
 - iii. Hafdís gæti verið tengiliður við opna fundi hópinn?
 - b. Mætingin gekk vel
 - i. Það virkaði vel að tala beint við fólk, við lögðum á okkur að fá fólk til að mæta
 - c. Það var mikill áhugi fyrir því sem við vorum að gera
 - i. Fólk leit út fyrir að vera að skemmta sér

- d. Það gekk vel að halda plani - við vorum yfirleitt á undan áætlun
 - e. Það er spurning hvort við gætum verið með aðeins meiri dagskrá næst
 - i. Spurning að mæta við málstofu eða workshop
 - f. Kvöldmaturinn hefði mátt ganga betur
 - i. Hopo-pie er meiri sumarmatur
 - ii. Súkkulaðimöffinsin gengu mjög vel
 - iii. Næst væri hægt að gera auðveldari rétt t.d. í hollendingi eða á grilli
 - g. Staðsetningin var frekar góð
 - i. Fólk var allan tímann og var ekki mikið að skreppa eitthvað annað
 - ii. Þetta var samt nógu miðsvæðis
 - iii. Kannski væri gaman að hafa þetta í Lækjabotnum eða á afskekktari stað næst?
 1. Þá gætum við verið með dagskrá frá Laugardegi til Sunnudags
 - a. Þá gætum við verið með smá dagskrá á sunnudeginum til að fá fólk til að gista
 - h. Sundið gekk vel
 - i. Það komu nokkrir skátar og heilsuðu upp á okkur í sundi sem var gaman
 - i. Hrafnkell kom með félagasokkahugmyndina sem er mjög sniðug en gæti verið frekar erfið í framkvæmd
 - j. Það var mjög kósý að horfa á myndina og það voru nokkuð margir sem horfðu á myndina
 - i. Lýðræðið við að velja mynd gekk vel
 - k. Myndbandið frá Mörtu var snilld
 - i. Það væri hægt að klippa það til og deila á facebook?
5. Námskeið EUF fyrir ungmennaráð
- a. Andrea er á EUF vaktinni og lætur okkur vita ef hún sér eitthvað spennandi námskeið sem við gætum sent fulltrúa á
 - b. My favorite mistake - ráðstefna hjá EUF
 - i. Skráningarfrestur rennur út 4. Apríl

- ii. Ungmennaráð reynir að senda einn fulltrúa en annars mega aðrir skátar sækja um

6. Hugmyndir að verkefnum framundan

- a. Fara í samstarf við Upplýsingaráð um að nota kynningarvikuna í að ná betur til meiri diverse hóps af fólki til að koma í skátana
- b. Búa til einhvers konar verkefni til að fá inn meira diverse hóp í skátahreyfinguna
- c. Berglind kannar hvort að Ungmennaráð geti komið eitthvað að Moot
- d. Plaggat herferð þar sem fólk segir ég er “eitthvað” og ég er skáti. T.d. ég er hinsegin og ég er skáti.
- e. Hafa kaffihúsakvöld eða annað sambærilegt í enda maí

7. Önnur mál

- a. Daði fór á ráðstefnu um daginn og borgaði 4000kr í þátttökugjald sem hann þarf að fá endurgreitt
 - i. Salka talar við Daða og græjar þetta mál
- b. Á næsta fundi verða Daði og Sunna með recap af ráðstefnunum sem þau fóru á
- c. Salka gerir verkefnalista fyrir hvern og einn i ráðinu og sendir þeim eftir fundi
- d. Plaggata herferð og vídjóherferð
 - i. Fólk sýnir að það séu skátar alls staðar!
 - ii. Gætum fundið fræga skáta til að vera með í myndböndum
 - iii. Salka talar við Upplýsingaráð og reynir að starta samvinnuverkefni

Fundi slitið klukkan: 19:55